# Opnun kennslutækjasýningar, ódagsett

Bjarni Benediktsson – Stjórnmál – Ræður - Kennslutækjasýning

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Ræður
Askja 4-5, Örk 3

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Óþarft er að fjölyrða um þýðingu tækninnar í flestum viðfangsefnum manna nú á dögum. Áhrifa hennar gætir auðvitað í kennslu og uppeldi með svipuðum hætti og víðast annars staðar. Því ber þess vegna að fagna, að forystumenn í félagsmálum kennara skuli beita sér fyrir þeirri kennslutækjasýningu, sem nú er á að opna.

Þó að ég hafi enn ekki skoðað sýninguna, þá veit eg, að hún muni tala skýrara máli til kennara en margir langir fyrirlestrar um hina margvíslegu aðstoð, sem tæknin getur nú veitt þeim í hinu mikilsverða starfi þeirra.

Einn af höfuðskörungum okkar tíma Churchill sagði svo sem kunnugt er á örlagastundu þessi orð: "Látið okkur fá tækin, þá skulum við vinna verkið". Hér er að vísu ólíku saman að jafna og hræddur er ég um, að langt sé í land, að öll þau nytsömu tæki, sem hér eru sýnd, verði tiltæk öllum þeim, er þeirra hafa þörf hér á landi. Öllu slíku miðar þó ótrúlega fljótt áfram og við Íslendingar höfum oft sýnt að við erum engra eftirbátar í því að hagnýta okkur skynsamlegar nýjungar. En tækin ein, hversu fullkomin, sem þau eru duga ekki. Þau létta störfin, en mannshugurinn verður að stjórna þeim, ef vel á að fara. Hann má því ekki sofna eða dofna heldur halda sér vakandi og láta hvert nýtt tæki, sem auðveldar störfin, verða til þess að

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sækja fram á hærra stig, láta þá orku, sem sparast við óþarft erfiði, verða til að skapa fegurra og göfugra mannlíf en áður var.

Allir eigum við þessu mikilsverða hlutverki að gegna en fáir þó meira en einmitt þið uppalendur æskulýðsins, sem öðrum fremur mótið hina komandi kynslóð.

Megi gifta og farsæld fylgja ykkur í starfi.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Við opnun kennslutækjasýningar

Óþarft er að fjölyrða um þýðingu tækninnar í flestum viðfangsefnum manna nú á dögum. Áhrifa hennar gætir auðvitað í kennslu og uppeldi með svipuðum hætti og víðast annars staðar. Því ber þess vegna að fagna, að forystumenn í félagsmálum kennara skuli beita sér fyrir þeirri kennslutækjasýningu, sem nú á að opna.

Þó að ég hafi enn ekki skoðað sýninguna, þá veit eg, að hún muni tala skýrara máli til kennara en margir langir fyrirlestrar um hina margvíslegu aðstoð, sem tæknin getur nú veitt þeim í hinu mikilsverða starfi þeirra.

Einn af höfuðskörungum okkar tíma Churchill sagði svo sem kunnugt er á örlagastundu þessi orð: "Látið okkur fá tækin, þá skulum við vinna verkið". Hér er að vísu ólíku saman að jafna og hræddur er ég um, að langt sé í land, að öll þau nýtsömu tæki, sem hér eru sýnd, verði tiltæk öllum þeim, er þeirra hafa þörf hér á landi. Öllu slíku miðar þó ótrúlega fljótt áfram og við Íslendingar höfum oft sýnt að við erum engra eftirbátar í því að hagnýta okkur skynsamlegar nýjungar. En tækin ein, hversu fullkomin, sem þau eru duga ekki. Án utanaðkomandi stjórnar geta þau sjálf ekki unnið verkið. Þau létta störfin, en mannshugurinn verður að stjórna þeim, ef vel á að fara. Hann má því ekki sofna eða dofna heldur halda sér vakandi og láta hvert nýtt tæki, sem auðveldar störfin, verða til þess að

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sækja fram á hærra stig, láta þá orku, sem sparast við óþarft erfiði, verða til að skapa fegurra og göfugra mannlíf en áður var.

Allir eigum við þessu mikilsverða hlutverki að gegna en fáir þó meira en einmitt þið uppalendur æskulýðsins, sem öðrum fremur mótið hina komandi kynslóð.

Megi gifta og farsæld fylgja ykkur í starfi.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur